

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	30.6.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Jónsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Birna Pála Kristinsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik er varðar mögulegan hávaða frá verksmiðjunni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsheimsóknin hófst á skoðunarferð um verksmiðjuna.

Farið var niður að höfn og fylgst með löndun súrals. Ekki var að sjá neitt fok við löndunina en veður var með besta móti þennan dag. Á nýrri súralsskipum opnast lestin þannig að lokið brýst saman og stendur því einungis til hálfis uppfra lestinni. Þetta gerir það að verkum að lokið tekur á sig minni vind og þar með minnkar fok súrals úr lestinni. Álflúorið kemur í lokuðum gámum sem tengdir eru með barka inn á síló og þaðan í sjálfvirkan mótunarbúnað fyrir kerin í kerskálunum.

Þá var litið inn í skautskála en vinnsla var ekki í gangi á meðan skoðunarferðinni stóð. Raflausn er fyrst hreinsuð af skautunum og svo skautleifarnar brotnar af skautgöflunum. Raflausnin er endurnýtt í baðhreinsivirki, skautleifarnar fluttar út til endurvinnslu en ryk frá afsoginu er urðað í flæðigrýfjunum.

Gengið var í kjallara undir kerskálum. Umframmagni af raflausn sem myndast í kerjunum er safnað saman og kælt í geymsluskýlum á milli kerskála 1 og 2.

Eftirlitsfundur var haldinn í rannsóknarstofu að lokinni skoðunarferð þar sem að farið var yfir gögn ofl.

Rekstraraðili hefur staðið skil á öllum gögnum skv. starfsleyfinu. Losun útblásturs og frárennslis er innan starfsleyfismarka árið 2014 og á fyrsta ársfjórðungi 2015. Þann 1.janúar 2016 munu losunarmörkin þrengjast þar sem að ársframleiðslan er nú orðin yfir 200.000 tonnum á ári.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 30.apríl sl. Þar er greint frá losun fyrirtækisins fyrir árið 2014 og borið saman við undanfarin ár.

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda var endurnýjuð í lok febrúar og gildir til 1.nóvember 2015.

Sérstakur aðili innan fyrirtækisins sér um utanumhald á viðbragðsáætlunum og verklagsreglur eiga að tryggja að símanúmer og öfn í viðbragðsáætlun séu endurnýjuð við mannabreytingar.

Framkvæmdum við tengingu nýju hluta þurrhreinistöðva 1 og 2 er að mestu lokið. Unnið er að fínstillingum kerfisins svo að nýju síuhúsin virki sem best með eldri síuhúsunum og hámarksafköst náist. Við breytingarnar hefur afsog af kerjum aukist. Í nýju síuhúsinum eru jafnframt stjörnulaga pokar sem minnka þrýstifallið yfir síueiningarnar og draga þar með úr álagi á pokana auk þess sem nýju skorsteinarnir eru hærri en þeir gömlu. Eftir 1. ársfjórðung er meðaltal flúorlosunar 0,65 tonn/ál sem er sama og starfsleyfismörk fyrir ársmeðaltal flúors koma til með að verða eftir 1.janúar 2016. Rekstraraðili vinnur að því að minnka losunina en telur að losunin muni minnka þegar betra jafnvægi er komið á afsogskerfin þegar fínstillingunum er lokið. Vikulegir fundir eru haldnir þar sem farið er yfir losun flúors og leiða leitað við að lágmarka hana.Rekstraraðili mun setja upp í tilraunaskyni einn sjálfvirkan flúor mæli í hluta rjáfurs kerskála 2.

Gerðar eru hávaðamælingar á verksmiðjulóðinni árlega. Kvörtun um hávaða barst stofnuninni 16.apríl sl. frá íbúa í Hvaleyrarholti vegna stöðugs hávaða frá verksmiðjunni bæði vegna löndunar og annarrar starfsemi. Við uppsetningu á nýju þurrhreinistöðvunum kom í ljós að hávaði var meiri en við var búist. Brugðist var við því með því að setja hljóðdeyfja á nýju þurrhreinistöðvarnar. Í skýrslu um hávaðamælingar frá mars 2015 kemur fram að áður en hljóðdeyfum var komið á við nýju þurrhreinistöðvarnar mældist hávaði yfir viðmiðunarmörkum í nærliggjandi byggðum, austan við álverið. Eftir að hljóðdeyfum var komið á voru mælingar endurteknar og sýndu að hljóðstigið minnkað talsvert. Samkvæmt skýrslunni má þó búast við að hljóðstig geti verið um og yfir 40 dB(A) í nærliggjandi byggðum (sérstaklega Byggðum), þegar löndun er í gangi. Gera má ráð fyrir að löndun standi yfir í um 20% af rekstrartíma álversins.

Að lokum var rætt um rykmælingar frá ryk uppsprettum öðrum en þurrhreinistöðvum. Ryk mælist undir starfsleyfismörkum en hæstu rykgildin eru við myllu í efnisvinnslu og við torretsíu í skautskála (þar sem skautleifar eru brotnar af skautgöflum). Rekstraraðili hyggst mæla ryk frá myllu í efnisvinnslu á þessu ári, ásamt öðrum rykmælingum sem ber að mæla í samræmi við tíðni mælinga í mæliáætlun.

Frávik frá

6. grein reglugerðar 724/2008 um hávaða og grein 2.19 í starfsleyfi.

Lýsing á fráviki

Samkvæmt hávaðakorti frá mars 2015 má búast við að hljóðstig í íbúabyggð (Byggðum) geti fari yfir viðmiðunarmörk í töflu III í viðauka reglugerðar, þegar löndun er í gangi á nóttunni.

ANNAÐ

Samráðsfundur rekstraraðila, Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis var haldinn 9. júní sl. Þar var m.a. rætt um starfsleyfið, árangur í mengunarvörnum, sem og niðurstöður innri mælinga og umhverfisvöktunar fyrir árið 2014.

Í grænu bókhaldi fyrir árið 2014 er línurit yfir SO₂ losun frá forskautum og jarðefnaeldsneyti. Losun frá forskautum tekur á losun við rafgreininguna þar sem að brennisteinn losnar úr súráli og forskautum við brunann og verður að SO₂.

Reykjavík, 18.09.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.